

KÍGHÓSTI

MEÐGANGA OG BÓLUSETNING

ICD-10 greining:

A37.0 Kíghósti af völdum Bordetella pertussis

Sjálfkrafa flutningur mótefna er yfir fylgjuna til barnsins á meðgöngu og er sá flutningur mestur frá 32-34 vikum. Þannig er barnið varið fyrir ýmsum sýkingum fyrstu mánuði ævinnar. Við bólusetningu barnshafandi kvenna er verið að sækjast eftir því að mótefnatoppur sem móðirin myndar eftir bólusetningu fari þannig yfir fylgjuna og veitir barninu vörn þar til það fær sínar bólusetningar.

KÍGHÓSTI - BÓLUSETNING

Bakterían Bordetella pertussis veldur kíghósta. Smitleiðin er úðasmit (hósti, hnerri) og tími frá smiti þar til einkenni koma fram eru 7-14 dagar. Ung börn eru í mestri hættu á að veikjast alvarlega af kíghósta. Barnshafandi konur eru ekki í meiri hættu en aðrir á að veikjast alvarlega.

Barnshafandi kona sem hefur komist í snertingu við kíghósta eða er með líklegan eða staðfestan kíghósta ætti að fá viðeigandi meðferð ef hún umgengst náið óbólusett börn. Það gildir einnig um konur með barn á brjósti. Meðferð á meðgöngu og í brjóstagiöf: Azithromycin. Sjá nánar á vef Embættis landlæknis.

Barnshafandi kona sem er bólusett á öðrum eða þriðja þriðjungi meðgöngu myndar verndandi mótefni sem fylgjan flytur til barnsins frá 32. viku meðgöngu. Mótefnið geta varið barnið strax frá fæðingu fram til um 6 mánaða aldurs en þá hafa flest börn sem eru bólusett skv. almennum bólusetningum á Íslandi myndað eigin vörn gegn kíghósta. Almennar bólusetningar ungbarna hefjast við 3 mánaða aldur og er þá m.a. bólusett gegn kíghósta.

Mælt er með því að bólusetja með Boostrix® eða Boostrix –polio® í 28 vikna skoðun. Mælt er með bólusetningu í hverri meðgöngu. (Boostrix-polio® má nota ef Boostrix® er ekki til eða komið að endurbólusetningu fyrir Polio).

Ekki er víst að barnið verði varið ef það fæðist innan viku frá bólusetningu.

Bóluefnið veitir vörn í allt að 10 ár. Vegna skammlífs mótefnasvars er mælt með að bólusetja konu á hverri meðgöngu þar sem hátt magn mótefna þarf að vera í móðurblóði til að fara yfir fylgjuna og mynda nægjanlega vörn fyrir nýburann.

Bólusetja má samtímis fyrir kíghósta og influensu helst í sitthvorn handlegg/útlím. Ef stungið er í sama handlegg/útlím þarf að vera a.m.k. 2.5 cm á milli stungustaða.

Það má gefa anti Rhesus D mótefnasprautu (Rhophylac® 1500 a.e.) á sama tíma og bólusetting er fyrir kínhósta. Tvær vikur þurfa að líða milli Covidbólusetningar og annarrar bólusetningar sem eru gefnar á meðgöngu.

Sjá nánar: www.infpreg.se